



37. stjórnarfundur LH  
3. nóvember 2022 kl. 17:20  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

**Mætt:** Guðni Halldórsson, Einar Gíslason, Gréta V. Guðmundsdóttir, Hákon Hákonarson, og Siguroddur Pétursson og Sóley Margeirsdóttir úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir úr varastjórn.

**Fjarverandi:** Ómar Ingi Ómarsson og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

**Forföll boðuðu:** Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn, Lilja Reynisdóttir úr varastjórn.

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

**Einnig mættur:** Hinrik Þór Sigurðsson

*Formaður setur fund og stýrir fundi.*

1. Samþykkt fundargerðar

2. Tilnefning tveggja fulltrúa í starfshóp um stöðu reiðvegamála – beiðni frá Innviðaráðuneyti

Innviðaráðuneytið óskar eftir tilnefningu tveggja fulltrúa LH (karl og konu) í starfshóp um stöðu reiðvegamála. Starfshópurinn skal taka saman upplýsingar um stöðu reiðvegamála og vinna kostnaðarmetna tillögu að áætlun í reiðvegamáli til framtíðar sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlunar og til forgangsriðunar framkvæmda á reiðvegum.

**Afgreiðsla:** Stjórn LH tilnefnir Hákon Hákonarson formann reiðveganefndar LH og Berglind Karlsdóttur framkvæmdastjóra LH.

3. Beiðni um umsögn um frv. um breytingu á lögum um velferð dýra (bann við blóðmerahaldi)

Atvinnuveganefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um bann við blóðmerahaldi.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að senda sömu umsögn og send var við sama frumvarp á síðasta ári.

*Sóley Margeirsdóttir kemur inn á fund.*

4. Valnefnd - tilnefningar ársins

Valnefnd kynnir tilnefningar ársins til knapaverðlauna og um keppnishestabú ársins.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að birta tilnefningar á morgun.

5. Landsþing

Farið var yfir tillögur sem liggja fyrir þinginu.

6. Önnur mál

a. Horses of Iceland

Gjaldkeri leggur til að sótt verði um styrk til HOI til að mæta kostnaði við Þolreið LH.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

b. Uppskeruhátíð aflýst

c. Gullmerkjahafi

Tillaga um einn gullmerkishafa í viðbót. **Afgreiðsla:** Samþykkt.

*Fundi slitið kl. 21:28*